

Stærðfræði 8. bekkur

Kennarar: Helga Rós Sigfúsdóttir; Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

8

Lýsing

Búnar eru til stuttar lotur um hvern efnisþátt. Nemendur vinna eftir vikuáætlunum og í lok hvernar lotu er tekið próf úr efnisþættinum. Efnisþættir vetrarins eru: rúmfræði, talnamengi, hlutföll, margliður, jöfnur og jöfnuhneppi, líkindareikningur og fjármálafræðsla

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, fyrirlestrar, hópverkefni, einstaklingsvinna, kannanir, verklegar æfingar, fræðslumyndir, efniskönnun og umræður.

Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á forni símats. Metin verður vinna í tímum og heimavinna. Í lok hvernar lotu eru teknar stuttar kannanir úr efni hennar.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Stærðfræði 8. bekkur

- **Hæfnieinkunn**
- Hæfnieinkunn *

VS Stærðfræði 8. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Búið til og sett fram stærðfræðiþrautir í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar.
- Geti lesið út úr kortum, myndritum, teikningum, jöfnum og föllum.

VS Stærðfræði 8. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Geti sett fram og útskýrt stærðfræðileg dæmi á mismunandi hátt s.s. myndræna, munnlega og algebrulega.
- Geti reiknað og útskýrt orðadæmi.

VS Stærðfræði 8. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar.

VS Stærðfræði 8. bekkur - Tölur og reikningur

- Þekki mengi náttúrulegra talna, heilla talna, ræðra talna og rauntalna, tákn þeirra, N , Z , Q og R .
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Geti breytt almennu broti í tugabrot og prósentur og öfugt.
- Öðlist færni í prósentureikningi þar sem finna þarf prósentu, hluta og heild og geti reiknað breytingar og mismun í hundraðshlutum.
- Þekki ferningstölur og ferningsrót.
- Kann og skilur sætiskerfið.
- Nýtt sér samhengi reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga.
- Þekki frumtölur og frumþáttun
- Þekki gildi tölustafa og geti námundað tölur.
- Skrifað tölur sem eiginleg brot, óeiginleg brot og blandnar tölur.

- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum og átti sig á tengslum þeirra.
- Þekki veldi og veldareikning.
- Geti lengt og stýtt brot og reiknað með þeim.

VS Stærðfræði 8. bekkur - Algebra

- Einfaldað stæður.
- Leyst einfaldar jöfnur.
- Vinni með bókstafi til að kanna stærðir.

VS Stærðfræði 8. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Mælt og reiknað ummál mismunandi flata og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu.
- Þekki muninn á línu, hálflínu og striki.
- Geti breytt milli mismunandi mælieininga.
- Þekki og geti unnið með horn
- Þekki mismunandi marghyrninga.
- Geti unnið með hnitakerfi.
- Mælt og reiknað flatarmál mismunandi flata og útsýrt hvað felst í mælihugtakinu.

VS Stærðfræði 8. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn.
- Geti notað tíðnitölur, súlurit og línurit sem aðferðir til að setja fram töluleg gögn.
- Skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim.
- Hafi safnað gögnum, valið heppilegt form til að flokka þau, s.s. töflur, töflureikni eða gagnagrunn og valið framsetningu við hæfi eftir eðli og umfangi gagna.
- Þekki og skilji nokkur einföld hugtök sem notuð eru til að lýsa gagnasöfnum, s.s. tíðni, meðaltal og miðgildi og geta fundið þessar stærðir fyrir gefin gagnasöfn.

VS Stærðfræði 8. bekkur - Fjármálalæsi

- Undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni,
- Unnið verkefni í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum og neyslu
- Tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins,

NÁMSEFNI/GÖGN



Skali 1A



Skali 1 B



Almenn stærðfræði I



Átta til tíu 1



Átta til tíu 2